

ÆTTLIÐASKIPTI

Mikilvægt er að allir hlutaðeigandi aðilar hittist og fundi um komandi ættiliðaskipti. Kalla skal til fundarins með fyrirvara svo allir aðilar hafi tækifæri til að íhuga sína framtíðarsýn fyrir búið og hvaða væntingar og hugmyndir þeir hafa um framtíð sína. Bæklinginn „Ættiliðaskipti á búi –vinnublöð“ er hægt að nálgast á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins. Í þeim bæklingi er tekið á öllum þeim atriðum sem þarf að íhuga er ferli ættiliðaskipta er hafið og inniheldur hann þægileg vinnublöð sem ætluð eru öllum kynslóðum sem málið varðar. Með því að nota þessi vinnublöð verða gildi og markmið hvers og eins skýrari. Eindregið er mælt með því að fyrir ættiliðaskiptafund útfylli allir aðilar vinnublöðin. Einnig er mikilvægt að allir aðilar fái tækifæri til að koma sínum væntingum á framfæri án gagnrýni. Hlutaðeigandi aðilar geta verið fráfarandi bændur (pabbi og mamma, afi og amma, frændi og frænka), nýliðinn (afkomandi og maki) og aðrir erfingjar/börn, jafnvel aðilar af þriðju kynslóðinni sem málið varðar.

Fjölskyldur forðast oft að skipuleggja ættiliðaskipti því þær vilja ekki hætta á ósætti vegna mismunandi gilda til virðis og framtíðar búsins. Einnig getur skynjun á sanngirni og réttisýni verið misjöfn en til að koma í veg fyrir ósætti er mikilvægt að halda fundi og leyfa öllum aðilum að koma væntingum sínum á framfæri.

Ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins getur settið fundinn og stjórnað honum, ef óskað er eftir og komið með þriðja sjónarhornið í umræðuna ásamt hagnýtum atriðum sem vilja oft gleymast er rætt er um tilfinningaþrungin mál, eins og eignarhald og afnot af jörðum geta verið. Leitið upplýsinga um þjónustu hjá ráðunauti.

Þegar væntingar allra eru komnar fram er kominn grundvöllur fyrir því að finna réttu leiðina sem hentar viðkomandi. Engin ein leið er rétt, í hverju og einu tilfelli þarf að finna þá leið sem hentar. Fjárhagur aðila er misjafn og því mismunandi „réttar“ leiðir sem fjölskyldan sættist á. Ekki er nóg að hugsa eingöngu um þátt nýliðans því fráfarandi bændur þurfa ekki síður að huga að því hvernig lágmarka skuli skatta-útgjöld. Ráðunautur getur aðstoðað við slíkt, en bestar eru bókhaldsþjónustur til að svara um það.

Þegar allir hlutaðeigandi aðilar hafa samþykkt fyrirkomulagið er mikilvægt að vinna að samningi sem ekki einungis fráfarandi og komandi bóndi samþykkja, heldur einnig systkini og aðrir erfingjar. Slíkt er gert með einni undirskrift. Ráðunautur aðstoðar við gerð slíks samnings.

Hér að neðan er hlekkur á gátlista sem gott er að hafa við höndina:

AD TAKA VIÐ REKSTRI

[www](#)

ATRIDI SEM ÞARF AÐ GANGA FRÁ VIÐ ÆTTLIÐASKIPTI Á BÚUM:

- Yfirfærsla bústarfa
- Yfirfærsla bústjórnar
- Yfirfærsla eigna
- Greining á hugsanlegum hindrunum og viðbrögð við þeim

VIÐ GERÐ VIÐSKIPTAÁÆTLUNAR ER HÆGT AÐ TAKA Á ÞESSUM ATRIDUM OG SETJA ÞAU Í TÍMAÁÆTLUN:

- Hvenær tekur nýja kynslóðin við vinnunni á búinu?
- Hvenær fer hún alfarið með bústjórnina?
- Hvenær er reksturinn fluttur á þeirra kennitölu?
- Hvernig og hvenær er flutningi eigna háttað?
- Hvaða hindranir geta verið í veginum o.s.frv.?

Starfsmenn Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins aðstoða

LEIÐIR

HVAÐA LEIÐIR ER HÆGT AÐ FARA?

LEIGA

- Leigusamningur – ráðunautur aðstoðar við gerð slíks samnings.

BEIN SALA OG KAUP

- Fjármögnuð að fullu með utanaðkomandi fjármagni og eigin fé.

ÓBEIN SALA/KAUPLIGA

- Hægt er að kaupa sig hægt og rólega inn í reksturinn. Þá hækkar eignarhlutinn eftir því sem unnið er lengur við búið. Kaupendur geta unnið við búið og framlag þeirra verður að skuld rekstrarins við þá og reiknast með þegar reksturinn er keyptur.
- Samningur – ráðunautur aðstoðar við gerð samnings.
- Fyrirframgreiddur arfur – má lesa nánar um hann [hér](#) [www](#)

STOFNUN HLUTAFÉLAGS. BÖRNIN GERÐ AÐ HLUTAEIGENDUM

- Einkahlutafélag
- Hlutafélag
- Sameignafélag
- Sjá stofnun félaga í atvinnurekstri á síðu [Ríkisskattstjóra](#) [www](#)

HVAÐA MÖGULEIKAR ERU Á JÖRÐINNI?

VERÐMÆTI BÚSINS:

- Jarðnæði – landamerki? Er jörðin að hluta til í óskiptu landi?
- Húsnæði – aldur, stærð, efni, viðhaldspörf o.s.frv.
- Skýrsluhaldsgögn – gögn tengd jarðrækt, bústofni o.s.frv.
- Bústofn – aldur, samsetning og afurðir
- Greiðslumark
- Tæki og vélar
- Girðingar
- Hlunnindi
- Atvinnumöguleikar – á búinu eða í grennd?
- Nálægð við þéttbýlisstað
 - Samgöngur, fjarskiptasamband, snjómokstur, fjarlægð í afrétt, afurðastöð, skóla, heilbrigðisþjónustu o.s.frv.

REKSTUR

Gerð viðskipta- og/eða rekstraráætlunar er mikilvæg. Með henni er hugmyndum komið á skriflegt form og dæmið sett upp og athugað hvort reksturinn geti gengið upp eða ekki. Ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins aðstoðar við slíkt. Gott er að lesa sér til um gerð viðskiptaáætlana á eftirfarandi síðum til að undirbúa vinnu við rekstrar-/viðskiptaáætlun með ráðunaut.

Rekstrarsvið RML

[www](#)

Gerð viðskiptaáætlana

[www](#)

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Gátlisti: Ég þarf góða viðskiptaáætlun

[www](#)

Landsbankinn

Hvaða atvinnustarfsemi langar mig að hafa?

Starfsemi - hvað svo?

[www](#)

Við minnum á að farsælast er að sinna blómlegum búrekstri í óbreyttri mynd til að byrja með og breyta honum rólega.

Að hefja rekstur

[www](#)

Vefur ríkisskattstjóra

Stofnun fyrirtækis

[www](#)

Upplýsingar á www.island.is

Verktakar, einyrkjar

[www](#)

Upplýsingar á www.island.is



FJÁRMÖGNUN

HVERJIR FJÁRMAGNA?

Fjármögnun getur verið á margbreytilegum forsendum sem ræðst af aðstæðum hvers og eins. Því er mikilvægt að setja sig í samband við fjármögnunaraðila og fá uppsetta þá kosti og kjör sem þeir geta veitt þér.

BANKAR

- Landsbanki
- Arion banki
- Íslandsbanki
- Sparisjóðir

LÍFEYRISSJÓÐIR

- Lífeyrissjóður bænda [www](#)
- Lífeyrissjóðurinn þinn

AÐRIR

- Íbúðalánasjóður [www](#)
- Byggðastofnun [www](#)

LAUSAFJÁRLEIGUR/ FJÁRMÖGNUNARFYRIRTÆKI

- Ergo
- Lýsing/Lykill
- Vélalán ýmissa fjármögnunar-
fyrirtækja

PERSÓNULEG FJÁRMÖGNUN

- Fyrirframgreiddur arfur [www](#)
- Skuldabréf

HVAÐ ÞARF TIL AÐ SÆKJA UM FJÁRMÖGNUN?

- Verðmat á jörðinni unnið af fasteignasala
- Viðskipta- og/eða rekstraráætlun unna af ráðunaut
- Veðbókarvottorð fengið hjá sýslumanni
- Yfirlit yfir núverandi skuldastöðu t.d. fasteignalán, bílalán, kreditkortalán, námslán o.s.frv.
- Síðasta skattaframtal
- Launaseðlar síðustu 3ja mánaða, ef halda á áfram þeirri vinnu með búrekstri.

STYRKIR

Eftirfarandi styrki er sótt um með rafrænum umsóknum á [Bændatorgi](#) [www](#)

BÚSTOFNSKAUPASTYRKUR TIL FRUMBÝLINGA Í SAUÐFJÁRRÆKT

Umsóknarfrestur til 1. mars eftir að kaup eru gerð. Réttur til styrks í samtals 5 ár, hvort sem um er að ræða fjölgun með kaupum eða úr eigin stofni.

NÝLIÐUN Í MJÓLKURFRAMLEIÐSLU

Umsóknarfrestur til 15. október ár hvert.
Veitt til nýliða í mjólkurframleiðslu.

JARÐRÆKTARSTYRKUR

Umsóknarfrestur til 10. september ár hvert.
Túnkort þurfa að liggja fyrir.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

[www](#)

NÝSKÖPUNARSTYRKIR

Nýsköpunarmiðstöð

[www](#)

Landsbankinn –listi yfir hina ýmsu sjóði

[www](#)

- Vaxtarsamningar á þínu svæði
- Atvinnusjóður kvenna

Orkusetur - húshitun

[www](#)

EIGIÐ FÉ

- Lausafjármunir - fasteignir

Starfsmenn Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins aðstoða við styrkumsóknir.

EKKI GLEYMA!

TRYGGINGAR

Leitið tilboða hjá váttryggingarfélagunum. Athugið að kynna ykkur alla skilmála rekstrartrygginga – lesið smáa lettrið! Setja ætti upp öll þau dæmi um áföll eða uppákomur sem manni dettur í hug. Rekstrarstöðvunartrygging getur reynst nauðsynleg.

Starfsmenn Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins aðstoða.

ÁFÖLL

Bjargráðasjóður

[www](#)

Viðlagatrygging

[www](#)

Er lögbundin náttúruhamfaratrygging sem bætir beint tjón á tryggðum eignum af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Viðlagatrygging bætir ekki tjón af völdum annarra náttúruhamfara, t.d. af völdum ofsaveðurs.

SMITVARNIR

Verjið dýrin og bæinn ykkar. Enginn getur varið hann betur en þið sjálf og enginn annar ber ábyrgð á því. Upplýsingar um smitvarnir eru á [vef MAST](#). [www](#)

VÉLAR OG TÆKI

Upplýsingar um vinnuvélanámskeið og réttindi er hægt að nálgast á [vef Vinnueftirlitsins](#). [www](#)

Athugið að réttindalaus bóndi á tæki eða vinnuvél getur fyrirgert öllum bótarétti sínum hjá váttryggingarfélagum ef slys verður!

Geymsla og viðhald véla og tækja getur skipt sköpum er varðar endingu þeirra. Mælt er með geymslu tækja sem hafa

SKÝRSLUHALDSKERFI

- **Bændatorg** – Helstu skýrsluhaldskerfi bænda eru undir bændatorgi Bændasamtaka Íslands. Sótt er um aðgang á [bondi.is](#) undir Bændatorg.
- **Mark** – einstaklingsmerkingar búfjár.
- **Bústofn** – vefforrit MAST
- **Jörð** – jarðupplýsingakerfi
- **Huppa** – afurða- og skýrsluhaldskerfi í nautgriparækt
- **Fjárvis** – sauðfjárræktarkerfi
- **Worldfengur.com** – upprunacættbók íslenska hestsins. Er ekki aðgengilegt á bændatorgi.
- **Dk-Búbót** – bókhaldsforrit fyrir bændur.

BRUNAVARNIR

Minnt er á mikilvægi þess að hafa brunavarnir í lagi og mælt með uppsetningu brunavarnarkerfa í stórum og dýrum gripahúsum. Mikilvægt atriði tengt brunavörnum er að hafa rafmagn í útihúsum í lagi og best er að láta rafvirkja yfirfara sé grunur um að ekki sé allt með felldu.

DÝRALÆKNAR

Lista yfir dýralækna og vaktíma þeirra er hægt að nálgast á [vef MAST](#). [www](#)

rafbúnað innandyra yfir veturinn sbr. rúlluvélar. Ásamt því að almennt viðhald svo sem smurning og síuskipti getur skipt sköpum.

Eigendaskipti á dráttarvélum skal tilkynna til [Samgöngustofu](#) líkt og með bifreiðar. [www](#)

Skráningum á eigendaskiptum á vélum öðrum en dráttarvélum skal skila til [Vinnueftirlitsins](#). [www](#)



GOTT AÐ VITA

FÉLAGSMÁL

Í mörgum héruðum landsins eru starfrækt búgreinafélög sem í heild sinni mynda samtök sinnar búgreinar sbr. Landssamtök sauðfjárbænda eða Landssamband kúabænda.

Allir þátttakendur í skýrsluhaldi eru sjálfkrafa skráðir í búfjárræktarfélag. Virkni búfjárræktarfélaga er mjög misjöfn eftir landssvæðum þar sem engin lagaleg skylda hvílir lengur á herðum þeirra.

Búnaðarfélög eru einnig misjafnlega virk en eru á flestum stöðum grunneining félagskerfis bænda. Með þátttöku í búnaðarfélagi er einnig tryggð aðild að Bændasamtökum Íslands, heildarsamtökum bænda á Íslandi.

Hægt er að gerast aðili að Bændasamtökum Íslands bæði í gegnum búgreinafélag og búnaðarfélag. Margir bændur eru félagsmenn á báðum stöðum.

Á sumum svæðum þjóna búnaðarsambönd því grunneiningarhlutverki sem búnaðarfélögin gegna annars.

MENNTUN/NÁMSKEIÐ

Ráðgjafarmiðstöð Landbúnaðarins

[www](#)

Heldur ýmis námskeið tengd búrekstri. Mikilvægt er að fylgjast með á vef RML – einnig sakar ekki að kalla eftir námskeiði á þínu svæði ef þú veist um fleiri þátttakendur en þig.

Landbúnaðarháskóli Íslands

[www](#)

Nám:

- Búfræðinám
- Búvísindi
- Hestafræði

Endurmenntun Lbhí

[www](#)

Ýmis námskeið eru haldin á vegum Lbhí.

Háskólinn á Hólum – Hólaskóli

[www](#)

Nám:

- Fiskeldis- og fiskalíffræði
- Hestafræði
- Ferðamálafræði

Starfsmenntasjóður bænda

[www](#)

Styrkir vegna endurmenntunar bænda fást hjá Starfsmenntasjóði bænda. Markmið starfsmenntasjóðs er að efla frumkvæði bænda til að afla sér endur- og starfsmenntunar í þeim tilgangi að styrkja færni sína í að takast á við flóknari viðföng í búrekstri.

HÓPAR Á FACEBOOK

Bændaspjall

[www](#)

Sauðfjárbændur

[www](#)

Ungir bændur

[www](#)

Landbúnaður - til sölu/óskast

[www](#)

Síðan má leita eftir hópum á þínu svæði